



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 25. október 2022

ÞON22090073

Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Sendandi: Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar, þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Útboð nr. 15581 – Atlassian Service Provider for the City of Reykjavík

Þrír aðilar sendu inn tilboð:

1. Sii Sp. z. o. o
2. Tietoevry Norway AS
3. Adaptavist UK Services Ltd.

Samtals voru þrír viðaukar sendir út. Fyrstu tveir viðaukarnir, sem sendir voru út þann 31.08.2022 og svo 12.09.2022 innihéldu svör við fyrirspurnum. Í kjölfar birtingar þeirra barst beiðni um að tilboðsfresturinn yrði lengdur og ákveðið var að verða við þeirri beiðni. Í síðasta viðaukanum, sem sendur var út þann 15.09.2022, var tilvonandi þátttakendum því tilkynnt að tilboðsfresturinn hefði verið lengdur um 15 sólarhringa, eða til 04.10.2022.

Tilboð voru opnuð þann 04.10.2022.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru að samið yrði við þann aðila sem uppfyllir allar tæknilegar kröfur sem taldar voru í upp í útboði, og ætti hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs, sbr. kafli 0.7.4 í útboðslýsing�:

A binding contract will be made with the party with the most competitive and valid based on the lowest price.

Af innsendum tilboðum var einungis Adaptavist UK Services Ltd sem uppfyllti tæknilegar kröfur. Kostnaðaráætlun kaupanda er 324 EUR, sem er 45.976 ISK. Tilboðsverð Adaptavist UK Services Ltd án VSK í EUR eftir yfirferð, er 441 EUR eða 62.578 ISK og er tilboðið 136% af kostnaðaráætlun kaupanda. Samkvæmt kafla 0.7.4



Reykjavíkurborg

í útboðslýsingu áskilur kaupandi sér rétt til að taka tilboði sem er yfir kostnaðaráætlun kaupanda.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð Adaptavist UK Services Ltd m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og staðfest að sá þáttakandi sem var með hagkvæmasta gilda tilboðið, Adaptavist UK Services Ltd., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Adaptavist UK Services Ltd og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar leggur til að gengið verði að tilboði Adaptavist UK Services Ltd, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Virðingarfyllst,

Kjartan Kjartansson
Deildarstjóri stoð og tæknipjónustu UTR

Árið 2022, þann 4. október kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar nr. 15581 „Atlassian Service Provider for the City of Reykjavík".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru sendir út þrír viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Tilboðsfjárhæð án vsk við opnun	Tilboðsverð án			
			Hlutf. af kostn.áætl	VSK í EUR eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætl	Uppreknað í ISK
1 Sii Sp. z. o. o.	EUR	117,750	11%	117,75	36%	16.709 ISK
2 Tietoevry Norway AS	EUR	227,000	21%	227	70%	32.211 ISK
3 Adaptavist UK Services Ltd.	EUR	609,450	55%	441	136%	62.578 ISK
Kostnaðaráætlun fyrir 2 ár	EUR	1.100	100%	324	100%	45.976 ISK

* Gengi EUR 4. október 2022 141,9 kr

Fleiri tilboð bárust ekki.
Opnun tilboða lokið kl. 10:11